



Borgarráð

Boð til borgarstjóra Tallin, Riga og Vilnius

Í tengslum við heimsókn forseta Eistlands, Lettlands og Litháens til Íslands þann 26. ágúst n.k. í tilefni af 25 ára afmæli sjálfstæðisyfirlýsingarinnar sem og í kjölfar vel heppnaðrar heimsóknar borgarstjóra til höfuðborga landanna í síðustu viku er lagt til við borgarráð að bjóða borgarstjórum höfuðborganna, í Ríga, Tallinn og Vilnius, í opinbera heimsókn til Reykjavíkurborgar á sama tíma.

Ísland varð fyrst allra ríkja í heiminum til að viðurkenna sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litháens og í kjölfar þess hefur samstarf landanna vaxið og dafnað, einkum í samstarfi með hinum Norðurlöndunum. Reykjavík og höfuðborgir landanna eru jafnframt vinaborgir og hefur samstarf borganna í gegnum árin verið á ýmsum vettvangi, einkum menningarlegum.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri